

# **Lífeyrissjóður bankamanna**

**Fjárfestingarstefna  
Hlutfallsdeildar  
2016**



## **Fjárfestingarstefna Hlutfallsdeildar Lífeyrissjóðs bankamanna**

Í samræmi við reglugerð nr. 916/2009 um fjárfestingarstefnu og úttekt á ávöxtun lífeyrissjóða.

### **1. Lífeyrissjóður bankamanna, Hlutfallsdeild**

Lífeyrissjóður bankamanna hét áður Eftirlaunasjóður starfsmanna Landsbankans og Seðlabankans en starfsemi hans má rekja aftur til ársins 1929. Hinn 1. janúar 1998 breyttist nafn sjóðsins og starfsemi var skipt í tvær deildir, Hlutfallsdeild og Stigadeild (nú Aldursdeild). Aðildarfyrirtæki Hlutfallsdeildar eru Landsbankinn hf., Seðlabanki Íslands, Reiknistofa bankanna, Valitor hf., og Lífeyrissjóður bankamanna. Hlutfallsdeild er lokuð fyrir nýum sjóðfélögum en varðveitir hluta af réttindum sjóðfélaga sem áunnin eru fyrir lok árs 1997.

### **2. Tryggingafræðileg staða**

Niðurstaða tryggingarfræðilegrar athugunar miðað við lok árs 2014 sýndi að verðmæti eigna deildarinnar að meðtoldum iðgjöldum en frádregnum kostnaði vegna fjárfestinga reiknast 39.822,9 milljónir og skuldbindingar vegna lífeyris og rekstrarkostnaðar 40.935,4 milljónir. Mismunur eigna og skuldbindinga reiknast því -1.112,5 milljónir, eða -2,7% af heildar skuldbindingum.

Staða deildarinnar er innan þeirra marka sem almennt eru áskilin í 39. gr laga nr. 129/1997 en þar er tilgeindur hámarksmunur milli eigna og skuldbindinga 10% á einstöku ári og 5% samfellt í fimm ár. Samþykktir Lífeyrissjóðs bankamanna tiltaka ekki ákveðin vikmörk fyrir mun eigna og skuldbindinga en í 5. grein samþykkta er að finna almennt ákvæði um að jöfnuður skuli vera milli eigna og skuldbindinga.

### **3. Markmið og forsendar ávöxtunar**

Ávöxtun fjármuna Hlutfallsdeildar Lífeyrissjóðs bankamanna skal vera í samræmi við lög nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfssemi lífeyrissjóða. Fjárfestingar taka mið af varkární og meginþungi þeirra skal vera á skipulegum mörkuðum. Haga skal ávöxtun eigna Hlutfallsdeildar með þeim hætti að samspil ávöxtunar og áhættu sé sem hagkvæmast. Tapsbol deildarinnar er lítið þar sem lífeyrisgreiðslur eru hæri en iðgaldsgreiðslur og mun bilið aukast þar á milli á næstu árum. Samkvæmt útreikningum byggðum á tryggingarfræðilegri athugun má gera ráð fyrir að iðgjöld muni vera orðin óveruleg um árið 2035 en að lífeyrisgreiðslur geti náð allt fram til ársins 2070. Að lágmarki er miðað við 3,5% raunávöxtunarkröfu til eignasafns Hlutfallsdeildar.

Eignasamsetning 1. ágúst 2015 og vænt ávoxtun 2016-2019

Í töflu að neðan má sjá eignasamsetningu Hlutfallsdeildar miðað við 1. ágúst 2015.

Eignasamsetning Hlutfallsdeilda	Staða
Innlán í bönkum og sparisjóðum	22,2%
Víxlar og skuldabréf með ábyrgð ríkissjóðs	67,4%
Skuldabréf sveitafélaga	1,4%
Skuldabréf lánastofnana	0,2%
Skuldabréf tryggð með veði í íbúðarhúsnæði	2,1%
Innlend hlutabréf og hlutdeildarskírteini	3,0%
Erlend verðbréf	0,0%
Önnur verðbréf (s.s. Skuldabréf fyrritækja)	3,7%

Frekari sundurliðun á eignum er að finna í fylgiskjali I. Hlutfallsdeild Lifeyrissjóðs bankamanna hefur það markmið að ná 4% meðalraunávöxtun til lengri tíma með að hámarki 4% árlegu staðalfráviki og sýna útreikningar á væntri ávöxtun eignasafnsins að gera má ráð fyrir 4,2% árlegri raunávöxtun á næstu fjórum árum. Að teknu tilliti til rekstrarkostnaðar er gert ráð fyrir að meðalávöxtun umfram lágmarksávöxtunarkröfu verði 0,6% á ári.

Vænt ávoxtun	2016	2017	2018	2019
Raunávöxtunarkrafa	3,5%	3,5%	3,5%	3,5%
Rekstrarkostnaður	0,1%	0,1%	0,1%	0,1%
<b>Raunávöxtun</b>	<b>4,2%</b>	<b>4,2%</b>	<b>4,2%</b>	<b>4,2%</b>
Umframávöxtun	0,6%	0,6%	0,6%	0,6%

Þar sem stærstur hluti eigna er í verðtryggðum verðbréfum til langs tíma með föstum vöxtum og endurfjárfestingaþörf er hófleg er fremur lítil óvissa um vænta ávoxtun. Þá er gert ráð fyrir að nettó útflæði verði úr deildinni þar sem iðgjöld greiðandi sjóðfélaga eru lægri en lífeyrisgreiðslur.

#### 4. Fjárfestingarstefna 2016

Fjárfestingarstefna Hlutfallsdeildar mótaðist af því að búið er að loka deildinni fyrir nýjum iðgjaldagreiðendum og því fækkar greiðandi sjóðfélögum en lífeyrisþegum fjölgar. Það er mat stjórnar að neðangreind eignasamsetning sé þannig háttáð að deildin muni sem best geta staðið við skuldbindingar sínar til framtíðar. Í töflunni eru tilgreindar takmarkanir sem gilda um tegundir verðbréfa fyrir árið 2016.

Eignaflokkur	Markmið	Lágmark	Hámark
1. Innlán í bönkum og sparisjóðum	20%	0%	35%
2. Víxlar og skuldabréf með ábyrgð ríkissjóðs	60%	50%	100%
3. Skuldabréf sveitafélaga	4%	0%	10%
4. Skuldabréf lánastofnana	2%	0%	10%
5. Skuldabréf tryggð með veði í íbúðarhúsnæði	3%	0%	25%
6.-7. Innlend hlutabréf og hlutdeildarskírteini	5%	0%	10%
6.-7. Erlend verðbréf	1%	0%	5%
8. Önnur verðbréf (s.s. Skuldabréf fyrirtækja)	5%	0%	15%

#### Skýringar:

- 1) Innlán í bönkum og sparisjóðum
- 2) Víxlar og skuldabréf með ábyrgð ríkissjóðs
- 3) Skuldabréf sveitafélaga
- 4) Skuldabréf lánastofnana
- 5) Skuldabréf tryggð með veði í íbúðarhúsnæði
- 6) Hlutabréf fyrirtækja, þ.m.t. samlagshlutafélög.
- 7) Hlutdeildarskírteini eða hlutir í verðbréfa- og fjárfestinga- og fagfjárfestasjóðum
- 8) Önnur verðbréf (skuldabréf fyrirtækja)

Hlutfallsdeild á ekki hlut í fyrirtækjum sem eingöngu sinna þjónustuverkefnum fyrir sjóðinn.

Eignasamsetning skal vera í samræmi við VII. kafla laga nr. 129/1997

#### Nánara niðurbrot fjárfestingarstefnu

##### Takmarkanir

- Hlutdeild óskráðra verðbréfa skal ekki fara yfir 20%, að undanskildum skuldabréfum tryggðum með veði í fasteign.
- Samanlögð eign deildarinnar í verðbréfum útgefnum af sama aðila, tengdum aðilum sbr. lög um fjármálfyrirtæki, eða aðilum sem tilheyra sömu samstæðunni skal ekki vera meiri en 10% af hreinni eign sjóðsins. Engar slíkar takmarkanir skulu vera á verðbréfum með ríkisábyrgð. Þessi takmörkun skal vera 5% fyrir verðbréf skv. tölulið 8.
- Innlán í sama banka eða sparisjóði, skal ekki vera meiri en 25% af hreinni eign deildarinnar. Þá skal samanlögð krafa á sama banka að meðtoldum innlánum takmarkast við 25% af hreinni eign sjóðsins.
- Eign Hlutfallsdeildar í einstökum verðbréfasjóði eða fjárfestingasjóði, má ekki nema meira en 25% af útgefnum hlutdeildarskíteinum hlutaðeigandi sjóðs.

- Eign lífeyrissjóðs eða einstakri deild hans í verðbréfasjóðum og fjárfestingarsjóðum innan sama rekstrarfélags, má ekki vera meiri en 25% af hreinni eign lífeyrissjóðsins.
- Óheimilt er að eiga meira en 15% af hlutafé í hverju fyrirtæki eða í hlutdeildarskírteinum eða hlutum annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu.
- Takmarka skal áhættu í erlendum gjaldmiðlum við 5% af hreinni eign deildarinnar.
- Gert er ráð fyrir að afleiður kunni að vera notaðar en eingöngu til að draga úr áhættu eignasafnsins.
- Óheimilt er að eiga í fjárfestingarsjóðum sem fjármagna sig með lántöku eða skortsölu.
- Atvinnugreinaskipting:
  - Innland hlutabréfaeign skal taka mið af atvinnugreinaskiptingu á Nasdaq OMX Iceland markaðnum.
  - Erlend hlutabréfaeign skal taka mið af GICS atvinnugreinaflokkun Morgan Stanley og Standard & Poor's.
  - Fyrirtækjaskuldabréfum skal vera vel dreift milli helstu atvinnugreina. Engin ein atvinnugrein skal hafa meira en 50% vægi til lengri tíma.

### Fasteignaveðtryggð skuldabréf

Hlutfall fasteignaveðtryggðra skuldabréfa í ágúst 2015 er 2,1% af hreinni eign. Eingöngu er um að ræða lán til sjóðsfélaga. Lán er einungis veitt gegn veði í íbúðarhúsnaði að hámarki 25 m.kr. og takmarkast við 65% veðhlutfall. Upplýsingar um útlánareglur eru aðgengilegar á heimasíðu sjóðsins.

### Meðallíftími skuldabréfa

Markmið um meðallíftíma skuldabréfaflokka er 8 til 14 ár. Vegið meðaltal var 10,3 ár þann 1. ágúst 2015.

### Samningur um virka egnastýringu hjá þriðja aðila

Um 3% eigna deildarinnar eru nú í virkri egnastýringu hjá þriðja aðila. Auk þess eru rúmlega 80% af hlutabréfaeign deildarinnar í sjóðum sem beita virkri stýringu.

## 5. Endurskoðun fjárfestingarstefnu

Fjárfestingarstefna þessi skal tekin til endurskoðunar eftir því sem ástæða er til að teknu tilliti til framangreindra markmiða um ávöxtun og áhættu og markaðsaðstæðna hverju sinni. Ársfjórðungsleg skoðun eignasafnsins samkvæmt áhættustefnu er liður í því að kanna hvort ástæða er til að endurmeta gildandi fjárfestingarstefnu á hverjum tíma. Breytingar á fjárfestingarstefnu skulu gerðar skriflega.

A cluster of handwritten signatures and initials in blue ink, including 'HM', 'ab', 'Fr', 'BS', and several other less distinct signatures.

Reykjavík, 22. október 2015

## Framkvæmdastjóri Lífeyrissjóðs bankamanna

www.mommae.com

Stjórn Lífeyrissjóðs bankamanna

Fibers of Frank

Bergþóra Sigurðard.

Suzan Gunnarson

Dara Valdez Yogavacchini

Substitution

Cste H. Bragaditti,

Fylgiskjal I

**Skipting fjárfestinga eftir tegundaflokkum sbr. 36. gr. laga nr. 129/1997**

**Markmið um samsetningu eigna**

**Hlutfallsdeild**

I hlutfalli af hreinni eign til greiðslu lífeyris	Markmið um eigna-samsetningu	Vikmörk	II	Staða í ágúst 2015	Hámark skv. samþyktum	III		IV		V		VI	
						Gengisbundin verðbref	Vikmörk	Gengisbundin verðbref	Vikmörk	Óskráð verðbref	Vikmörk	Óskráð verðbref	Vikmörk
Innlán í bönkum og spariðjóðum og aðrar peningamarkaðseignir	20%	0-35%	22,2%	Ekkert hámark	0%	0%	0%	0%	0%	0%	0%	0-35%	0-35%
Ríkisskuldbref og skuldbabréf með ábýrð ríkisjóðs	60%	50-100%	67,4%	Ekkert hámark	0%	0%	0%	0%	0%	5%	5%	0-20%	0-20%
Skuldbabréf bæjar- og sveitafélaga	5%	0-10%	1,4%	Ekkert hámark	50%	0%	0%	0%	0%	0%	0%	0-10%	0-10%
Skuldbabréf og vixlar banka, spariðjóð og annarra lánastofnana	2%	0-10%	0,2%	Ekkert hámark	50%	0%	0%	0%	0%	0%	0%	0-10%	0-10%
Fasteignatryggð skuldbabréf	3%	0-25%	2,1%	Ekkert hámark	0%	0%	0%	0%	0%	3%	3%	0-25%	0-25%
Hlutabréf	5%	0-10%	2,9%	Ekkert hámark	60%	0%	0%	0%	0%	0%	0%	0-5%	0-5%
Hlutur og hlutdeildarskíteini annarra sjóða um sam. fjárfestingu íbúðarhúsnaði	0%	0-5%	0,1%	Ekkert hámark	50%	0%	0%	0%	0%	0%	0%	0-5%	0-5%
Önnur verðbref*	5%	0-10%	0%	Ekkert hámark	50%	0%	0%	0%	0%	0%	0%	0-10%	0-10%
Samtals			100%		100%	0%	0%	0%	0%	0%	8%		

Hámark samkvæmt samþyktum

50%	20%
-----	-----

\*Önnur verðbref eru skuldbabréf fyrirtækja ofi.